

## Heimar hf.: Stækkun á skuldabréfaflokkunum HEIMAR50 GB og HEIMAR230628 GB

Heimar hf. („Heimar“ eða „félagið“) hefur í dag lokið við stækkun á tveimur skuldabréfaflokkum, HEIMAR50GB og HEIMAR230628 GB.

**HEIMAR50 GB** er grænn, verðtryggður skuldabréfaflokkur sem er veðtryggður með almennu tryggingarfyrirkomulagi félagsins. Seld voru skuldabréf að nafnverði 2.500 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,98% og verður heildarstærð flokksins því í kjölfar stækkunar að nafnverði 18.720 m.kr.

**HEIMAR230628 GB** er grænn, óverðtryggður flokkur og ber fljóttandi vexti tengda þriggja mánaða REIBOR að viðbættu vaxtaálagi. Flokkurinn er veðtryggður með almennu tryggingarfyrirkomulagi félagsins. Seld voru skuldabréf að nafnverði 1.400 m.kr. á pari, eða 0,90% vaxtaálagi. Heildarstærð flokksins í kjölfar stækkunarinnar verður að nafnverði 2.520 m.kr.

Áætlaður uppgjörsdagur viðskiptanna er 19. júní 2026 og verður í kjölfarið óskað eftir því að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq.

ACRO verðbréf hf. hafði umsjón með viðskiptunum og stækkun skuldabréfaflokkana.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Eyþór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – [eythor@heimar.is](mailto:eythor@heimar.is)

### Viðhengi

[Heimar hf.: Stækkun á skuldabréfaflokkunum HEIMAR50 GB og HEIMAR230628 GB](#)